

# Ný stjórn Geðlæknafélags Íslands

Á aðalfundi Geðlæknafélags Íslands sem haldinn var 29. apríl 2006 var Kristófer Þorleifsson kosinn formaður. Aðrir í stjórn eru Nanna Briem ritari, H.Magnús Haraldsson gjaldkeri, Garðar Sigursteinsson varaformaður og Bertrand Lauth meðstjórnandi.

Magnús: [hmagnus@landspitali.is](mailto:hmagnus@landspitali.is)

Garðar: [gas@laekning.is](mailto:gas@laekning.is)

Bertrand: [bertrand@landspitali.is](mailto:bertrand@landspitali.is)

Netföng stjórnarmanna eru eftirfarandi:

Kristófer: [kristoth@landspitali.is](mailto:kristoth@landspitali.is)

Nanna: [nannabri@landspitali.is](mailto:nannabri@landspitali.is)



Heilbrigðisstofnun  
Suðurlands

## Fæðinga- og kvensjúkdómalæknir!

Laus er staða fæðinga- og kvensjúkdómalæknis við Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Á deildinni starfa 2 læknar og er ætlunin að styrkja starfsemina með ráðningu þessari. Þátttaka í vöktum er því nauðsynleg. Fæðingar eru u.þ.b. 150 á ári og er starfið liður í að sinna þeim ásamt skurðstofu, legudeild og almennri göngudeildarvinnu.

Upplýsingar um stöðuna veita Óskar Reykdalsson lækningaforstjóri HSU í síma 868 1488 og Jón B. Stefánsson yfirlæknir í síma 553 7067.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands var stofnuð 1. sept. 2004 við sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi og Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Þjónustuvæði stofnunarinnar nær til rúmlega 18000 íbúa á Suðurlandsundirlendinu.

Um er að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi með 55 sjúkrarúm, auk þess sem stofnunin rekur Réttargeðdeildina á Sogni í Ölfusi.

Alls eru um 220 stöðugildi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands veur athygli á góðum búsetukostum og góðri alhliða þjónustu í sveitarfélögum á Suðurlandi. Kostir þess að búa á Selfossi og í nágrenni eru miklir. Þaðan er stutt til Reykjavíkur, framhaldsskóli er á Selfossi og möguleikar á fjarnámi á háskólastigi hjá Fræðsluneti Suðurlands. Góð verslunarþjónusta er á Selfossi og í Hveragerði og öll almenn þjónusta er mjög nærtæk. Skólastarf er gott í þessum bæjarfélögum og næg dagvistarrými fánleg á Selfossi. Góðir húsnæðismöguleikar eru á svæðinu þar sem sérþýli er einkennandi fyrir byggðina. Þá er íþróttastarf gott og fjölbreytt með áherslu á barna- og unglíngastarf og íþróttastaða góð.